



ALÞINGISMENN

EFTIR LÚPUS

BIRGIR KJARAN

Margir hyggja Birgi Kjaran táknrænan fulltrúa þeirrar umdeildu stéttar samtíðarinnar, sem gerir sér stjórn-mál að atvinnu, en sú ályktun fær naumast staðizt. Stjórnmalabaráttan er Birgi eins konar leikur. Þess vegna fer hann á mis við eftirsóttar mannvirðingar, sem honum ósnjallari samherjar bera gjarnan úr bítum. Birgi Kjaran er kappið engan veginn sama alvara og þeim, og þó skortir hann sannarlega ekki sjálfálit og skapsmuni. Þetta mun skýring þess, hvað hann setur lítinn svip á Alþingi Íslendinga. Erindi hans þangað var einkum að fullnægja persónulegum metnaði.

Birgir Kjaran fæddist í Reykjavík 13. júní 1916, sonur Magnúsar Kjarans stórkaupmanns og konu hans Soffíu, sem var fædd Siensen. Birgir varð stúdent í Reykjavík 1935, en nam síðan hagfræði í Þýskalandi og lauk prófi frá háskólanum í Kiel haustið 1938. Hann stundaði framhaldsnám við Lundúna-háskóla veturinn 1939 og dvaldist í Belgíu sumarið eftir, en hvarf þá heim. Gerð-

ist Birgir skrifstofustjóri hjá Shell 1940 og gegndi því starfi til 1946, en varð þá forstjóri við heildverzlun föður síns og hefur rekið hana að Magnúsi heitnum látnum. Hann stjórnar einnig Bók-fellsútgáfunni, sem stofnuð var 1944 og hefur gefið út fjölda rita. Jafnframt hefur Birgir valizt til margvíslegra trúnaðarstarfa á vegum Sjálfstæðisflokksins. Hann er formaður í bankaráði Seðla-banka Íslands og hefur átt sæti í stjórn Eimskipafélags Íslands síðan 1952, var í menntamálaráði 1956—1963 og er formaður náttúruverndarráðs. Birgir var formaður landmálafélagsins Varðar í Reykjavík 1952—1955, en formaður fulltrúaráðs Sjálfstæðisflokksins í höfuðborginni 1955—1963 og hefur átt sæti í miðstjórn Sjálfstæðisflokksins frá 1961. Hann starfar og í stjórn íþróttavallanna í Reykjavík og Ólympíunefnd Íslands. Mun þó sitthvað ótalið af störfum hans og áhugamálum.


Birgir lét sig stjórn-mál varða strax í menntaskóla. Varð hann snemma hrifinn af

nazismanum og mun hafa styrkt í þeirri barnatrú háskólaárin í Þýskalandi, þó að kannski sé of mikið gert úr þeim æskubrekum hans. Heimkominn að námi loknu fór hann sér hægt, meðan ófriðurinn geisaði og veldi nazismans hrundi í rústir, en leitaði sér og félögum sínum skjóls í samtökum Sjálfstæðisflokksins. Hann var kosinn í bæjarstjórn Reykjavíkur eins og hún þá hét 1950, starfaði þar kjörtímabil og þótti aðsópsmikill og ráðrikur, en gaf ekki kost á sér til endurkjörs. Töldu þá flestir, að hann hygði á þingmennsku, enda mestur áhrifamaður í félagasamtökum Sjálfstæðisflokksins í Reykjavík. Birgir flýtti sér þó lítt í því efni. Hann var neðarlega á lista Sjálfstæðisflokksins í höfuðstaðnum við alþingiskosningarnar 1953, 1956 og vorið 1959, en fór á stúfana þá um haustið, þokaðist í áttunda sæti framboðslistans og varð landskjörinn. Virtust horfur á, að valdsókn hans væri þar með hafin í alvöru, enda munaði um Birgi á alþingi þetta kjörtímabil í tillagnagerð og

málflutningi. Sætti því tíðindum, að hann skipaði heiðurssætið svokallaða á framboðslistanum við kosningarnar 1963 eins og þreytt gamalmenni og hvarf af alþingi. Kom þess vegna mjög á óvart, að Birgir varð sér úti um fjórða sætið á lista Sjálfstæðisflokksins við alþingiskosningarnar 1967 og gekk úr orrahriðinni sjöundi þingmaður Reykvíkinga. Hefur lítt á honum borið það, sem af er kjörtímabilinu, og telst vafasamt, að honum láti að vera óbreyttur ræðari á þungskreiðum farkosti. Myndi Birgir sjálfur álíta fremur við hæfi, að hann stæði í stafni eða sæti jafnvel undir stýri.

Birgir Kjaran ólst upp á reykvísku myndarheimili við gamlar íslenskar menningar-erfðir, sem hann dái einlægt. Magnús faðir hans safnaði bókum og málverkum af ástríðu eins og landsfrægt var, og hefur Birgir lagt dyggilega stund á sömu iðju. Á hann og úrval náttúrugripa, sem hefur kostað mikla natni og elju. Ennfremur fæst Birgir drjúgum við ritstörf og hefur gefið út undir sínu nafni tvær

LÚPUS
 HELDUR ÁFRAM
 AÐ SKRIFA PALLADÓMA
 SÍNA UM ALÞINGISMENN. AÐ
 ÞESSU SINNI TEKUR HANN BIRGI
 KJARAN TIL MEÐFERÐAR. UM HANN
 SEGIR LÚPUS M.A.: SKAPFERLI BIRGIS
 KJARAN MUN TVÍÞÆTT — HARÐNESKJU-
 LEGT KALDLYNDI OG VIÐKVÆM HÉGÓMA-
 GIRNI. HANN ER KEPPINAUTUR HARLA
 ÓVÆGINN, SKIPULEGGUR SÉRHVERJA BAR-
 ÁTTU EINS OG STÓRSTYRJÖLD OG GERIR
 OFT MIKIÐ ÚR LITLU EFNI. BIRGIR FÆR
 ÞESS VEGNA ÞAÐ ORÐ AÐ VERA GRIMM-
 UR Í KAPPI SÍNU, EN ÞVÍ VALDA HEITAR
 TILFINNINGAR, SEM EIGA RÆTUR
 Í VIÐKVÆMNI HANS.“ — NÆSTI
 PALLADÓMUR FJALLAR UM
 BJARNA BENEDIKTSSON,
 FORSÆTISRÁÐ-
 HERRA.



skrautlegar og vinsælar bæk-
 ur, en átt mestan hlut að hinni
 þriðju. Fjalla þær einkum um
 ferðalög og útlif og bera
 fróðleiksþrá og náttúruskynj-
 un höfundarins glöggt vitni.
 Er hann betur menntur en
 flestir íslenskir stjórnála-
 menn nú á dögum og hefur
 alls ekki gerzt einhæfur af
 þeirri sérþekkingu, sem hon-
 um gafst í háskólanámi sínu
 erlendis. Maðurinn er list-
 rænn fagurkeri og á sér fagr-
 ar tómstundir. Dálítið þykir
 hann gjarn til þeirra lysti-
 semda, er nautnir kallast, og
 kann sú freisting að gera hann
 hverflyndari en þá stjórn-
 málamenn, sem aldrei tælast
 frá ábyrgð sinni. Nýtur Birg-
 ir sín ágætlega að sumbli í
 kunningjahópi, en hann hend-
 ir víst einnig að þjóna veiga-
 drottne í einrómi. Þeirrar til-
 hneigingar gætir hins vegar
 sjaldan opinberlega, því að
 þar er Birgir eins og feiminn
 og hlédrægur, nema hann
 hafi skyldur að rækja, en þá
 fer hæglatið brátt af honum.

Birgir Kjaran er vel máli-
 farinn, rökfastur og áheyri-
 legur og harla slyngur í kapp-
 ræðum, ef hann beitir sér.

Mjúk rödd hans og einörð
 framganga reynist geðfelld á
 málþingum og mannamótum.
 Leggur Birgir ærna vinnu í
 ræður sínar og temur sér
 sjaldan skrudmálgan áróður,
 þó að hann vilji berast nokk-
 uð á í málflutningi. Hann er
 hyggin og raunsær og ein-
 staklega fylginn sér, ef mikið
 liggur við. Birgir Kjaran er
 gæddur næmri skipulagsgáfu,
 sem andstæðingar hans ætla,
 að hann hafi lært af þýzku
 nazistunum, en mun honum
 meðfæddur hæfileiki. Honum
 á hann mjög að þakka frama
 sinn í Sjálfstæðisflokknum.

Skapferli Birgis Kjarans
 mun tvíþætt — harðneskju-
 legt kaldlyndi og viðkvæm
 hégómagirni. Hann er keppi-
 nautur harla óvægin, skipu-
 leggur sérhverja baráttu eins
 og stórstyrjöld og gerir oft
 mikið úr litlu tilefni. Birgir
 fær þess vegna það orð að
 vera grimmur í kappi sínu,
 en því valda heitar tilfinn-
 ingar, sem eiga rætur í við-
 kvæmni hans, þó að maður-
 inn sé annars raunsær og jafn-
 vægur. Mun þetta geðslag að
 nokkru sprottið af uppeldi,
 en hefur orðið ávani með aldri

og þroska. Birgir er öllum til-
 ætlunarsamari, og fái hann
 ekki fram vilja sinn, er hon-
 um gjarnt að verða einrænn
 og þunglyndur í sárum von-
 brigðum og dulinni gremju.
 Virðist sennilegt, að hann hafi
 gjarnan kosið sér meiri veg-
 tyllur en Sjálfstæðisflokkur-
 inn lætur honum í té. Hafði
 Birgir áreiðanlega augastað
 á embætti borgarstjórans í
 Reykjavík, þegar Geir Hall-
 grimsson hreppti þann starfa
 eftir Gunnar Thoroddsen, og
 ennfremur mun hann hafa
 talið ómaklega framhjá sér
 gengið, að honum skyldi ekki
 boðinn ráðherradómur, er
 Jóhanni Hafstein og Magnúsi
 Jónssyni veittist það hnoss.
 Hins vegar myndi Birgir fús-
 lega afþakka slíka upphæfð,
 ef hann fengi hégómagirninni
 fullnægt, því að hann lætur
 sér iðulega viðurkenningu
 nægja og er engan veginn eins
 valdsækin og flestir ætla.
 Honum er sýnu meira í mun
 að ráða bak við tjöldin og
 hafa þar þau áhrif, sem hann
 vill, en leggja á sig fyrirhöfn
 ábyrgðarinnar. Birgir Kjaran
 er raunar sprettharður í um-
 svifum, en hann nennir varla

að slíta sér út á þeirri erfið-
 isvinnu, sem æðstu metorð
 krefjast. Maðurinn er þess
 vegna misskilinn og eigi síð-
 ur af flokksbræðrum en and-
 stæðingum. Ríki hans er fíla-
 beinsturn, sem úr verður séð,
 en ekki inn í horft, og þang-
 að er fáum boðið. Birgir Kjar-
 an leynir ýmsu, sem honum
 býr í sinni, og veit ágætlega,
 að hann er grunaður um
 græsku.

Slíku myndi hins vegar
 enginn trúa, sem rekst á Birgi
 Kjaran að náttúruskoðun
 niðri í fjöru eða uppi í fjalli,
 þar sem hann tinir steina eða
 les blóm í snoturt safn og
 dýrmætt. Þar gefst honum
 sú unun að þurfa ekki að
 sýnast, en geta veitt sér
 indælan dagamun frá önnum
 og áhyggjum. Vinir hans
 verða helzt þeir, sem slást í
 fylgd með honum í því líkar
 ferðir eða hann ræðir við bók-
 menntir og listir. Birgir er og
 engan veginn svo ofstækur,
 að hann þoli ekki sémilega
 skoðanir og viðhorf annarra
 í kurteisi og bróðerni. Hon-
 um finnst til um gáfur og sér-
 kenni í fari mikilhæfra eða

Framhald á bls. 46.

Kökur yðar og brauð verða bragðbetri
og fallegri ef bezta tegund af
lyftidufti er notuð.



voru jafnstór sporum Brors Helge og svarta gríman hafði verið í eigu konu Johans, eins og áður er sagt. Þessi tvö atriði voru talin meðal hinna mikilvægustu.

Hinn 27. júlí 1907 var dómur kveðinn upp í þessu óvenjulega máli. Bræðurnir voru báðir dæmdir í tíu ára hegningarvinnu. Dómsforseti slær þó varnagla. Hann segir í nánari skilgreiningu á dóminum, að hann vilji ekki bera „fullkomna ábyrgð“ á þessum dómi, en hann sé byggður á þeirri einu, hugsanlegu skýringu, sem fengist hafi á þessu dularfulla máli.

Þar með bjuggust flestir við, að harmleikurinn í Gátahult væri úr sögunni. En reyndin varð önnur.

SJÁLFSMORD Í FANGELSINU

Premur dögum eftir að dómurinn var kveðinn upp kemur einn af fangavörðunum að Bror Helge, þar sem hann krýpur við rúm sitt. Hann kveðst ekki hafa getað sofið í tvær nætur. Sýnin um logandi vítisqualir vikur ekki úr huga hans. Og hann kveðst stöðugt heyra rödd látinnar móður sinnar, þar sem hún ásaki sig fyrir að hafa leitt óhamingju yfir Johan bróður sinn.

— Ég veit, að Johan er saklaus, heyrir hann hana segja aftur og aftur.

Síðan játar Bror Helge fyrir yfirfangaverðinum, fangelsisprestinum og rannsóknardómaranum, að hann einn hafi myrt Önnu. Hann hafi hitt hana á Hovmantorps-stöðinni, og þegar hún hafi sagt honum, að hún hafi farið til læknis í Växjö og hann hafi tjáð henni að hún væri með barni, sem hann og enginn annar gæti verið faðir að, hafi hann orðið viti sínu fjær af reiði. Hann kveðst hafa hrint henni, svo að hún hafi fallið með höfuðið á járnbrautartein og látizt samstundis. Síðar setti hann líkið á árbakkann til þess að

svo liti út, sem hún hefði druknað.

Nóttina eftir sviptir Bror Helge sig lífi í klefa sínum í fangelsinu í Växjö. Hann er fyrst grafinn í kirkjugarðinum í Växjö, en borgarstjórninn mótmælir því. Að lokum er hinum óhamingjusama bóndasyni frá Gátahult búinn hinnti hvílastaður í sorphaug skammt frá járnbrautastöðinni. Næstu árin varð gröf hans að hrúgu af litríkum blómum. Það voru blómvendir frá hinum ótalmörgu aðdáendum, sem Bror Helge átti meðal kvenfólksins.

DÆMDUR — OG SÝKNAÐUR

Eftir játninguna, sem Bror Helge gerði áður en hann svipti sig lífi, krefst Johan þess að vera leystur úr haldi. En rétturinn hafnar kröfu hans. Með aðstoð læknisfræðilegra sérfræðinga, sem gefa þann úrskurð, að áverkarnir á höfði Önnu geti ekki orsakast af því, að hún hafi fallið á járnbrautarteina, er rétturinn þeirrar skoðunar, að játning Bror Helge sé uppspuni, eða að minnsta kosti ekki rétt að öllu leyti. Áverkarnir á höfði Önnu orsakast af einhverju áhaldi, að öllum líkindum hamar, segja sérfræðingarnir. Húsrannsókn heima hjá Johan leiðir í ljós, að einn hamar vantar í áhaldasafn hans.

Í júlí 1908, eftir rannsóknir og yfirheyrslur í heilt ár, er Johan Helge dæmdur sem hinn eini seki í málinu — í tíu ára hegningarvinnu. Hann áfrýjar dóminum til hæstaréttar og er sýknaður þar, „vegna skorts á sönnunargögnum“ eins og segir í dómsúrskurðinum.

En í Gátahult og Hovmantorp lifir saqan áfram. Efnt er til almennra samskots til að reisa legstein á leiði Önnu Johansson, en hún var grafinn alveg inn við kirkjuvegginn í Hovmantorp. Á grafsteininum er svoljóðandi áletrun:

„Hér hvílir Anna Johansson, fædd 30/9 1877. Var myrt af elskhuga

sínum, Bror Helge, 11/3 1906“. — Og neðar á steininum stendur þessi tilvitnun: „Dauðinn sefar sérhvern harm. Á himnum er allt fyrirgefið“.

Þessi óvenjulegi legsteininn átti eftir að verða ærið sögulegur. Þegar biskup landsins kom í heimsókn á þessar slóðir 1926, reyndu nokkrir prestar að fá kirkjuráðið til að fjarlægja þennan makalaus stein, áður en biskupinn kæmi. En það tókst ekki. Þá tóku þeir það til bragðs að snúa steininum, þannig að áletrunin vissi að kirkjunni og erfitt var að lesa á hann. Reiðir borgarar sneru steininum aftur við og þannig stendur hann enn í dag.

Enn er rætt um gátuna dularfullu í Gátahult. Fólk sættir sig ekki við niðurstöður dómstólanna. Á markaðstorgum og bjórknæpum eru oft sungnar tregablandnar vísur um fallegu þjónustustúlkuna Önnu Johansson og dapurleg örlög hennar.

☆

Palladómar

Framhald af bls. 11

einkennilegra keppinauta, en forsmáir spaka sauði, sem rekast troðnar götur í hjörð Sjálfstæðisflokksins og renna heimfúsir í réttina. Kunningjum sínum er hann trölltryggur, enda óspar á fyrirgreiðslu og rausn, ef honum býður svo við að horfa. Hann temur sér drengskap forfeðra sinna í báðar ættir, ef velþóknun hans eða aðdáun er fól, og reynist þá stórtækur. Myndi óvildarmönnum Birgis umhugsunarefni og skilningsauki, ef þeir vissu hjálpssemi hans og kynnu að skilgreina flókið sálarlíf þessa viðkvæma harðjaks. Hann þætti viðsjáll eftir sem áður, en slyppi við hatur og tortryggni.

Sjálfstæðisflokkurinn getur varla án Birgis Kjarans verið fyrst liðveizlu hans er kostur, þó að hann leggi stund á stjórnmál líkt og íþrótt. Birgir vildi komast hjá því að verða fugl í búri og sætti sig þess vegna við þátttöku í dansinum kringum falskan gullkál, en kom sér upp í miðjum látbragðsleiknum filabeinsturninum, þar sem hann fer sínu fram. Þaðan hverfur hann raunar í glaðri tilhlökkun að fella af sér álagahaminn úti á sjávarströndu eða uppi í öræfageimi hraðfleygar auðnustundir í dýrð síns fagra lands, en fjotr-

ast svo aftur uppruna og skyldugrónu umhverfi, þegar uppboðið á torgi sýndarmennskunnar kallar hann á vettvang. Því er von, að Birgi Kjaran þyki vænt um örninn. Hann er tákn þeirrar ímyndunar, sem einkennir þennan tvískipta og sérstæða mann og gerir svo stórlyndum en vonsviknum góðborgara líft niðri í byggðinni.

Lúpus.

Eftir eyranu

Framhald af bls. 31.

Því að ein hljómsveitanna hefur algerlega horfið í skuggann og hennar yfirleitt ekki getið frekar en hún hafi ekki komið fram á skemmtuninni. Hér er átt við Roof Tops, sem sannarlega eiga betra skilið. Þeir sýndu það líka á skemmtuninni, að þeir standa Flowers og Hljómum (í stafrófsröð) alveg á sporði. Þessi miskilningur er sprottinn af því, að dómnefnd var til kvódd til þess að skera úr um það, hver af hinum þremur hljómsveitum unga fólksins 1969, Flowers, Hljómar eða Roof Tops (í stafrófsröð) skyldi taka þátt í einhverri pophátíð í Svíþjóð. Var þessi ráðstöfun gerð með fullu samþykki hljómsveitanna þriggja. Dómnefndina skipuðu Árni Scheving, Baldvin Jónsson, Jón Múli Árnason, Pétur Steingrímsson og Þuríður Sigurðardóttir. Dómnefndin komst að þeirri niðurstöðu, að tvær hljómsveitir skyldu dæmast jafn hæfar til utanfararinnar, Flowers og Hljómar. Að vísu fylgdi þessum úrskurði þau ummæli nefndarinnar, að Hljómar væru betri músikantar en þeir nefndarmanna, Baldvin, Pétur og Þuríður greiddu atkvæði með Flowers meðfram sökum þess, að þeir hefðu átt meiri ítök í áheyrundunum, en einnig vegna þess, að þeir væru dæmigerðari pophljómsveit.

Að minni hyggju er það ómaklegt að gefa einni hljómsveit plús fyrir skríslæti nokkurra unglinga, sem voru ölvaðir í ofanálaga og hefðu þeir enfdarmenn sem gáfu Flowers atkvæði sitt mátt sleppa fyrrnefndu athugasemdinni, því að hin síðari nægir. Ekki fékk dómnefndin á milli séð, hvort sjónarmiðið væri þyngra á metunum „meiri pophljómsveit“ eða „betri músikantar“ og þess vegna var báðum hljómsveitunum gert jafnt undir höfði.

Ekki varð það til að gera þetta mál einfaldara, að daginn eftir skemmtunina birtist í Vísífrásögn, þar sem frá því var skýrt, að Hljómar hefðu hreppst titilinn „Hljómsveit ungu kynslóðarinn-